

Hjólareglur Gíljaskóla



Reglur Giljaskóla

- Hjólum skal leggja í hjólagrindur við skólann og læsa.
- Hjólin má ekki nota á skólatíma.
- Nemendur bera sjálfir ábyrgð á hjólum sínum og búnaði.
- Nauðsynlegt er að nemendur noti hjálma.
- Eins er mikilvægt að gá til veðurs og aðgæta færð og birtuskilyrði.

1. bekkur

Samkvæmt umferðarlögum mega börn yngri en 7 ára ekki hjóla ein á akbraut. Þar af leiðandi getur skólinn ekki mælt með að nemendur í fyrsta bekk komi á hjóli í skólann nema í fylgd fullorðinna.

2. – 4. bekkur

Nemendum í þessum bekkjum er heimilt að hjóla í skólann samkvæmt umferðarlögum. Æskilegt er að yngri nemendur séu í fylgd eldri einstaklinga. Ákvörðun er foreldra og á ábyrgð þeirra.

5. – 10. bekkur

Nemendum í þessum bekkjum er heimilt að koma á hjólum í skólann. Reiðhjólum skal leggja í hjólagrindur eða við grindverk og læsa. Reiðhjólin má ekki nota á skólatíma (á einnig við um frímínútur). Nemendum er þó heimilt að nota hjólin til að fara til og frá sundlaug. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á hjólum sínum.

Hafa ber í huga að flest börn yngri en 10 ára:

- Hafa ekki náð fullkomnu valdi á grófhreyfingum og samhæfingu vantar í hreyfingar.
- Hafa ekki fullþroskað jafnvægisskyn og hliðarsýn.
- Skynja ekki hraða og fjarlægð ökutækja sem nálgast eða úr hvaða átt hljóð kemur.
- Eiga oft erfitt með að einbeita sér að fleiru en einu atriði í einu.
- Eiga það til að taka ákvarðanir í skyndi án þess að hugsa um afleiðingarnar.
- Yngri börn en 10 ára hafa því ekki nægilegan þroska til að vera fullkomlega ábyrgir vegfarendur.

- Mikilvægt er að öll börn séu með hjálm.
- Foreldrar eru beðnir um að ganga eftir því við sín börn að fara eftir þeim tilmælum
- Reglur gerð um notkun á hlífðarhjálum við hjólreiðar fyrir börn undir 15 ára aldri sjá hér .
- Sérstakar reglur um smáfarartæki í umferðarlögum hafa tekið gildi og mikilvægt að foreldrar kynni sér þær hér.